

Góðan daginn.

Undirritaðri var falið að koma eftirfarandi athugasemd á framfæri varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál.

*„Meirihluti sveitarstjórnar Flóahrepps hvetur alþingismenn til þess að hafna frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum um verslun með áfengi. Landlæknir, heilbrigðisstarfsfólk, samtök lækna og fjölmargir aðilar sem vinna að heilsuefningu og velferðarmálum vara við þeirri breytingu sem felst í samþykkt frumvarpsins og benda á að rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi, sem verður með fjölgun sölustaða, leiðir til aukinnar neyslu, meðal annars meðal barna og ungmenna.“*

*Eydís Þ. Indriðadóttir  
Sveitarstjóri Flóahrepps*